

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

746. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 23. apríl 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Aðalfundarboð Veiðifélags Miðfirðinga.
2. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
3. Bréf Búnaðarfélags Bæjarhrepps og Bitru.
4. Tilboð í malbiksframkvæmdir 2012.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Miðfirðinga, sem haldinn verður í Laxahvammí 30. apríl n.k. kl. 20:30. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara.
2. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 12. apríl 2012, þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Þorsteins Sigurjónssonar f.h. Sæbergs farfuglaheimilis um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Sótt er um leyfi til að reka gistiskála að Sæbergi, Reykjum 500 Staður. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
3. Lagt fram bréf Búnaðarfélags Bæjarhrepps og Bitru dags. 12. apríl 2012, þar sem skorað er á sveitarfélagið að leggja ríka áherslu á refa- og minkaeyðingu í fyrrum Bæjarhreppi eins og gert var í Bæjarhreppi fyrir sameiningu.
4. Lagt fram yfirlit yfir tilboð í malbikunarframkvæmdir 2012, yfirlögn á Brekkugötu frá Hvammstangabraut að Strandgötu og Hlíðarveg frá Norðurbraut að Melavegi.
Eftirfarandi tilboð bárust.

Króksverk ehf.	kr. 8.295.000
Malbik og völtun ehf.	kr. 7.770.000
Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.	kr. 7.455.000

Byggðarráð samþykkir að taka lægsta tilboðinu sem er frá Malbikunarstöðinni Hlaðbær-Colas hf. að upphæð kr. 7.455.000
Samþykkt að taka á dagskrá.
5. Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídæguru sem haldinn verður í Laxahvammí 29. apríl n.k. kl. 21:00

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:45

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Böðvarsson.

Elín R. Líndal

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg

Sigurður Kjartansson